

**Ed.**

**629. Nefndarállt**

um frv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. neðri deild og felast í því allmiklar breytingar á lögnum um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða.

Allar miða breytingarnar að því að tryggja það betur en nú er, að lög in verði ekki misnotuð. Telur nefndin flest þessi ákvæði til bóta, og sjerstaklega það eftirlit með kjörgögnum, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó telur nefndin óþarfa að breyta um lit á kjörblóðum, nema við hverjar almennar kosningar, bæði kjördæmakosningar og landskjör. Vegna aukakosninga, sem oft geta komið fyrir, þurfa sýslumenn og bæjarfógetar ávalt að hafa nokkrar birgðir af kjörgögnum; því við slíkar kosningar eru allir frestir venjulega styttnr, og verður þá eigi unt að koma kjörgögnum frá stjórnarráðinu út um alt land. En sýslumenn og bæjarfógetar geta á stuttum tíma komið þeim til kjörstjóra i hjeraði sínu. Því þótt eigi sje kosið nema í einu kjördæmi, eiga kjósendur, eftir þessum lögum, fullan rjett á því að kjósa hjá kjörstjóra hvar sem er á landinu. Og verða kjörgögn þá að vera til hjá hverjum kjörstjóra.

Upprunalega voru þessi lög sett sjerstaklega vegna sjómanna, sem fjarstaddir eru á kjördegi. Enda byrjar 1. gr. laganna svo: »Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps« o. s. frv. Vill nefndin færa þetta í sama horf í frv. Þetta er ekki síður nauðsynlegt vegna þess, að sumstaðar hefir orðið ágreiningur um það, hvort sjómenn, er róa á sjó frá heimili sínu innan hrepps eða kaupstaðar, er þeir standa á kjörskrá, megi kjósa utan kjörstaðar, ef þeir ætla í sjóferð. Nefndin vill með breytingunni láta í ljós, að sjómenn eigi rýmri rjett í þessu efni.

Meiri hluti nefndarinnar vill láta athuga og meta hin skriflegu atkvæði þegar í byrjun kjörfundar, svo sem nú er gert, og miða breytingarnar við 6. gr. að því. Einn nefndarmanna (J. Bald.) er á móti þessum breytingum, og skrifar hann undir nál. með fyrirvara. Nokkrar smáar breytingartillögur eru aðeins til skýringar. Með þessum formála leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Upphaf 1. greinar skal orða svo:  
Sjómenn og aðrir, sem staddir eru o. s. frv.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin »hverjar kosningar« í 4. málslíð 1. málsg. komi: hverjar almennar kosningar.
3. Við kjörblaðið. Undir vottorði kjörstjóra standi:  
Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.
4. Við 4. gr.
  - a. Í stað orðanna í 1. málslíð »brjóta hann síðan . . . . . vandlega aftur« komi: loka honum síðan, þannig, að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma harn vandlega aftur.
  - b. Fyrir orðin í 3. málsg. 1. málslíð »loka því vandlega og« komi: og loka því vandlega. Síðan skal.
  - e. Fyrir »ónýst« síðast í 4. málsgrein komi: ónýtst.
5. Við 6. gr.
  - a. 1. málsg. skal orða svo:  
Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósködduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin. Síðan opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga tylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.
  - b. Upphaf 2. málsg. skal orða svo:  
Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur á kjörstaðnum eða sje búinn að greiða atkvæði o. s. frv.
6. Við 9. gr. 3. málslíð til enda greinarinnar skal orða svo:  
Sýslumenn og bæjarfógetar senda síðan stjórnarráðinu afrit bókana,

skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna og semur skýrslu um notkun kjörgagna og sendir Alþingi.

Alþingi, 29. mars 1928.

Jón Baldvinsson,  
form.,  
með fyrirvara.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr. og frsm.

Jón Þorláksson.